

Góðan daginn kærur þingmenn

Ég er eigandi að litlu ferðaþjónustufyrirtækji á landsbyggðinni og hef áhyggjur af framtíðinni í rekstrinum gangi fyrirhugaðar hækkunir á virðisaukaskatti eftir. Ef hækkun á virðisaukaskattinum kemur til framkvæmda er ég í raun og veru að lækka launin mín um þá upphæð sem hækkun virðisaukaskattsins nemur, því að ég tel ekki forsvaranlegt að leggja þessa hækkun ofan á verðin sem ég er með í dag. Styrking krónunnar er búinn að lækka launin mín um sirka 30% á einu ári og mér finnst það bara alveg nóg.

Nú þarf ég fljótlega að fara að gefa út verðin fyrir næsta ár og þarnaæsta, en það veldur mér kvíða og óöryggi að sjá viðbrögðin hjá mínum viðskiptavinum þar sem svigrúmið er ekki mikið. Öllum viðskiptavinum mínum finnst nóg um þær miklu kostnaðarhækkunir sem styrking krónunnar hefur valdið hér á landi og ég er hræddur um að þessi fyrirhugaða aðgerð sé ekki til þess fallin að auka tiltrú á íslenskri ferðaþjónustu útávið.

Við þessir litlu aðilar úti á landi byggjum alla okkar afkomu á því að viðskiptavinirnir ákveði í fyrsta lagi að koma til Íslands í staðinn fyrir einhvern annan áfangastað. Það er kannski aðeins einn smellur ferðamannsins á internetinu sem ákveður hvar hann er tilbúinn að verja sparifénu sínu sem sker úr um hvort við lifum af sem atvinnugrein eða ekki.

Ég mótmæli þessari fyrirhuguðu hækkun á virðisaukaskatti á ferðaþjónustu.

p.s.: Mér rekur ekki minni til þess að nokkur núverandi stjórnarþingmanna hafi minnst á þessa hækkun í aðdraganda síðustu kosninga, þannig að ég tel þetta svik við kjósendur!

Með kærri kveðju.

Páll Jökull Pétursson
Landscape Photography Iceland

Arnarstakkur ehf
Fossheiði 1, 800 Selfoss
Tel +354 824-0059